

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2021
UST202108-290/A.Þ.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – aukin jarðgerð úrgangs frá steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Steinull hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) er steinullarverksmiðja sem hefur frá árinu 2009 framleitt svokallaða steinullarmoltu sem aukaafurð framleiðslunnar en þá eru notaðar síur og úrgangur úr síuhúsi ásamt öðrum úrgangi með óhertum bindiefnum sem er hakkað niður og blandað við hrossaskít, gras, trjáskurl eða sambærilegt efni til að framleiða moltu. Bindiefnin innihalda fenól og formaldehyð sem flokkuð eru sem hættuleg efni en brotna niður í þeim aðstæðum sem skapast við moltugerðina.

Hingað til hefur jarðgerð á undir 500 tonnum á ári farið fram á lóð rekstraraðila en nú hyggst hann auka framleiðslumagnið upp í allt að 1.000 tonn á ári.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi steinullarverksmiðjunnar og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfið. Núgildandi starfsleyfi rekstraraðila heimilar framleiðslu á allt að 2.500 kg á klukkustund af steinull og steinullarafurðum en leyfið gildir til 2024. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Í núgildandi leyfi er ekki ákvæði um jarðgerð sem er að jafnaði starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd skv. reglugerð nr. 550/2018, líkt og rekstraraðila var bent á í eftirliti árið 2018. Rekstraraðili hefur sótt um að jarðgerðin verði hluti af starfsleyfi Umhverfisstofnunar þar sem jarðgerðin er hluti af iðnaðarferli steinullarframleiðslunnar.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Niðurstaða tilkynningarskýrslu er að framkvæmdin hafi í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið. Reynsla af núverandi moltugerð sé sú að lyktarmengun sé lítil og tekið er fram að ríkjandi vindáttir séu frá nærliggjandi byggð. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til en gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Endurnýting úrgangs

Umhverfisstofnun bendir á að úrgangur sem fer í gegnum einhverja tegund endurnýtingar getur hætt að vera úrgangur og orðið aftur að efni eða hlut, sbr. reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs. Til að þetta gerist þarf úrgangurinn að fara í gegnum endurnýtingaraðgerð og uppfylla viðmið sem koma fram í reglugerðinni.

Áður en úrgangurinn, sem ekki eru til viðmið um lok úrgangsfasa fyrir, fer í gegnum endurnýtingaraðgerð og áður en varan sem gera á úr úrganginum fer á markað, skal sá rekstraraðili sem hyggst markaðssetja vöruna sækja um ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar á því hvort úrgangurinn hætti að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerðina, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1078/2015.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili þarf að sækja um ráðgefandi álit en umsóknin um ráðgefandi álit skal vera skrifleg og send Umhverfisstofnun og skal innihalda:

- 1) Upplýsingar um umsækjanda.
- 2) Upplýsingar um starfsleyfi.
- 3) Gögn og upplýsingar um þann úrgang sem á að endurnýta og um endurnýtingaraðgerðina sem notast á við.
- 4) Gögn og upplýsingar um þá vöru sem verður til eftir að úrgangur hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerðina. Í þessum lið felst meðal annars rökstuðningur fyrir því að matsþættir 6. gr. verði uppfylltir.

Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að rekstraraðili endurnýti úrgang sem annars færi í urðun.

Stjórn vatnamála

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að áætlaður geymslustaður fyrir jarðgerðarafurðina sé norðan við verksmiðjuna, nálægt bökkum Gönguskarðsár.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að áin norðan við framkvæmdasvæðið hefur vatnshlotanúmerið 101-1717-R og nefnist Gönguskarðsá 1. Vatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Allt vatn skal vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og má ástand þess ekki rýrna.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð aukning á jarðgerð steinullarverksmiðjunnar sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur